



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2016

Rekstur safnsins gekk heilt yfir vel á árinu, en segja má að árið hafi verið viðburðaríkt að mörgu leyti. Fyrst ber að nefna að töluverðar breytingar urðu í apríl þegar Örlygur Kristfinnsson lét af störfum sem safnstjóri og Anita Elefsen tók við stöðunni. Fastráðnir starfsmenn við safnið voru sem áður Anita Elefsen og Steinunn M. Sveinsdóttir auk þess sem Örlygur sinnti áfram hlutastarfi. Ráðnir voru níu sumarstarfsmenn, fimm önnuðust safngæslu, gestamóttöku og þríf en fjórir unnu við smíðar, viðhald og önnur tilfallandi verkefni.

Aðsókn að safninu var með allra besta móti á árinu, enn á ný voru fyrri gestamet slegin. Skráðir gestir voru alls 25.000 en það er aukning um tæp 14% frá fyrra ári. Jafnframt jókst hlutfall erlendra gesta sem var 58% á árinu (sbr. 52% árið 2015). Prettán skemmtiferðaskip heimsóttu Siglufjörð og Síldarminjasafnið sérstaklega. Alls fóru fram 22 síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka.

Nýr samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið tók gildi um áramót og gildir hann til þriggja ára, eða til ársloka 2018.

Fyrri hluta árs var lagt sprinkler, eða vatnsúðakerfi, í Róaldsbrakka. Verkefnið er fyrsti liðurinn í stórrí framkvæmd sem felur í sér að leggja slíkar brunavarnir í öll hús safnsins.

Í apríl stóð Síldarminjasafnið fyrir námskeiði um bátavernd og viðgerð gamalla trébáta. Námskeiðið stóð í sex daga og fór fram í gamla Slippnum. Kennsla var í höndum Hafliða Aðalsteinssonar bátasmiðs og fólst bæði í fyrirlestrum sem og verklegri kennslu, þar sem nemendur tóku þátt í viðgerð á Gunnhildi ÓF18, afturbyggðum súðbyrðingi frá 1982. Alls sóttu fimm namar námskeiðið, bæði úr heimabyggð, úr hópi safnmanna og frá lðnskólum í Reykjavík og Hafnarfirði. Stefnt er að framhaldsnámskeiði í apríl 2017.

Áfram var unnið að uppbyggingu Salthússins. Á árinu voru austur- og suðurhliðar hússins klæddar standandi paníllæðningu í okkurgulum lit. Húsið var málað og gengið frá gluggum og vindskeiðum. Á haustdögum var undirritaður samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti um stofnstyrk, skv. 11. gr. safnalaga. Um er að ræða 35 milljón króna styrk til áframhaldandi uppbyggingar hússins, en styrkurinn greiðist í fjórum hlutum á árunum 2017 – 2020.

Á vordögum var stór hluti safnkosts sem geymdur hefur verið í Aravíti, geymsluhúsnæðis í eigu sveitarfélagsins, fluttur í húsakynni í eigu safnsins. Stærstum hluta gripanna var komið fyrir í Ásgeirsskemmu, en jafnframt fór hluti í Salthúsið. Gripirnir bíða þess að verða geymdir við viðunandi aðstæður í Salthúsinu þegar uppbyggingu þess lýkur.

Síðsumars sigldi stór olíutankur um götur bæjarins og vakti mikla athygli. Tankurinn var kominn á niðurrífsstig, hátt á níræðisaldri, en þykir svo vönduð smíði og á svo sérstæða sögu að ástæða þótti til að flytja hann til varðveislu á Síldarminjasafninu. Á stríðsárunum var hann málaður sem íbúðarhús til að villa um fyrir þýskum óvinaflugvélum í yfirvofandi loftárásu. Tankurinn stendur nú á milli Gránu og Batahúss. Auk þess að hafa ótvírætt sögulegt gildi eru líkur á að hann verði notaður til sýninga og tónlistarflutnings.

Segja má að árið 2016 hafi verið stórt gjafaár. Í því sambandi ber fyrst að nefna Ljósmyndasafn Siglufjarðar sem fært var Síldarminjasafninu þann 20. maí. Ljósmyndasafnið var lengi eitt stærsta einkasafn á landinu og telur yfir hundað þúsund ljósmyndir. Í safninu leynast frábærar heimildir um horfna tíma og það sem áður var – og eru þær mikilvægar heimildir um sögu staðarins. Í júlí færðu synir fyrrum skipstjóra á flóabátnum Drangi safninu líkan af skipinu sem segja má að hafi verið stór þáttur í samgöngusögu Fjallabyggðar, en á árunum 1946 – 1991 sigldi Drangur á norðlenskar hafnir tvisvar til

Þrisvar í viku með ýmisskonar vörur, mjólk, matvæli og póst, jafnt sem farþega. Um mánuði síðar, snemma í ágúst, var safninu fært listaverk úr smiðju Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur. Um er að ræða skúlptúr af síldarstúlku í raunstærð. Verkið gáfu dætur Sigurlaugar Davíðsdóttur sem saltaði síld í 42 sumur og Jóns Þorkelssonar skipstjóra, síldarmatsmanns og verkstjóra hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Síldarstúlkunni hefur verið fundinn staður á bryggjunni í Bátahúsinu þar sem hún mun um ókomna tíð standa vörð um minningu, störf og heiður allra þeirra kvenna sem unnu í síld. Síðast en ekki síst ber að nefna rausnarlega gjöf Íslandsbanka sem var afhent við viðhöfn í októbermánuði. Bankinn færði safninu málverkið *Konur í síldarvinnu* eftir Gunnlaug Blöndal. Verkið prýddi um áratugi afgreiðslusal Útvegsbankans á Siglufirði og var eins og eitt af kennileitum bæjarins. Það var því afar gleðileg stund þegar ljóst var að verkið yrði hér á Siglufirði til frambúðar.

Skráning í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, fór fram með skipulegum hætti. Mest áhersla var lögð á skráningu botnamerkja og rannsóknir á sögu og rekstri söltunarstöðva í því sambandi. Töluvert mikið var skráð af gripum sem fluttir voru úr Aravítí. Tölusettar voru 48 nýskráningar í aðfangabók, en þær innihalda alls 152 gripi. Í Sarp voru skráðar 330 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng.

Rekstur safnsins var nokkuð umfangsmikill á árinu og skilaði litlu tapi, eða 39 þúsund krónum. Veltan nam rúmlega 51 milljón. Stóru verkefni voru sem fyrr segir áframhaldandi uppbygging Salthússins, uppsetning sprinkler kerfis í Róaldsbrakka, almennt viðhald og smærri verkefni. Samtímis var greiddur niður hluti bankaskuldar safnsins við Arion banka og er gert ráð fyrir að skuldin verði að fullu greidd um mitt ár 2020.

Siglufirði, 20. mars 2017



Anita Elefsen, safnstjóri